

Nr. 18-119 S 076 Kvikur EA 20**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7126
Útgerð: Heimskautasport ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður 1988, trefjaplást.
Stærð: 11,35 bt
Mesta lengd: 10,91 m Skráð lengd: 10,87 m
Breidd: 3,10 m Dýpt: 1,73 m
Vél: Volvo Penta, 159 kw, 1997.
Fjöldi skipverja: 1



Kvikur©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. júní 2018 var Kvikur EA 20 á strandveiðum á NA miðum. Veður: N 3 m/s.

Skipstjórinn tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga eld um borð og óskaði eftir aðstoð. Frosti ÞH 229 dró Kvik til hafnar í Grímsey.

Við rannsókn kom fram:

- að samsetning á pústbarka á vélinni hafði farið í sundur og fyllti vélarúmið af reyk;
- að í ljós kom að skrúfaður flangs sem pústbarkinn var festur við hafði losnað.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.